

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má einungis breyta með einróma samþykki sjóðsstjórnar og að fengnu samþykki stjórnar Geðverndarfélags Íslands. Það sama gildir um ákvörðun um niðurlagningu sjóðsins. Verði sjóðurinn lagður niður renna fjármunir hans til Geðverndarfélags Íslands.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið staðfestir skipulagsskrá þessa.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Styrktarsjóð Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
til minningar um Þorstein Helga Ásgeirsson.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til minningar um Þorstein Helga Ásgeirsson. Stofnendur eru Gunnar Albert, Sveinn Elías og Guðmundur Freyr Hanssynir, Magnea Rannveig Hansdóttir, Ásgeir Þorsteinsson og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Kópavogi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til símenntunar og fræðilegra rannsókna á sviði fatlana barna, með það að leiðarljósi að efla fræðilega þekkingu og faglega þjónustu við fötlud börn og fjölskyldur þeirra. Skal starfsfólk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að jafnaði hafa forgang um styrkveitingar úr sjóðnum.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög leggja fram. Jafnframt getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna, m.a. með útgáfu minningarkorta. Nöfn þeirra sem styrkja sjóðinn skulu færð í sérstaka nafnaskrá í vörslu stjórnar.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 450.000 sem ekki má skerða. Óheimilt er að úthluta meira en helmingi tekna hans þar til höfuðstóll hefur náð kr. 750.000. Þegar þeirri fjárhæð er náð, skal heimilt að úthluta úr sjóðnum sem nemur þremur fjórðu hlutum tekna hans þar til höfuðstóll

hefur náð kr. 1.500.000 en eftir það tekjum hans öllum. Framangreindar upphæðir skulu breytast til hækkunar í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs eins og hún er á stofndeggi. Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé hans með tryggilegum hætti.

5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal tilkynnt árlega þann 8. júní. Umsóknir um styrki skulu berast stjórn sjóðsins í síðasta lagi 1. apríl ár hvert. Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á námi því eða rannsókn sem sótt er um styrk til. Skal þar bæði greina tilgang og tilhögun eftir því sem við á hverju sinni.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Auk fulltrúa tilnefndum af ættingjum Þorsteins Helga Ásgeirssonar, skipa stjórnina forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og formaður Starfsmannafélags Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Skal fulltrúi ættingja vera formaður stjórnar.

Fundargerðir sjóðsstjórnar og allar ákvarðanir hennar skulu skráðar í sérstaka gerðarbók sem varðveita skal í samræmi við reglur um varðveislu opinberra skjala.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikingar hans endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin kveður til.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur með einróma samþykki sínu breytt ákvæðum skipulagsskrár þessarar, öðrum en 2. gr. Breytingar skulu hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra. Með sömu skilmálum er heimilt að leggja sjóð þennan niður og skal þá eignum hans ráðstafað á þann hátt sem að mati stjórnar þjónar best tilgangi hans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.